

fyrr en um mánaðamótin janúar-febrúar 1974, en við slíka kröfu ber að miða gjalddaga. Tel ég því að upphafstíma vaxta beri að miða við 1. febrúar 1974.

Föstudaginn 24. febrúar 1978.

Nr. 92/1975. **Erlingur Aðalsteinsson**

(Óttar Yngvason hrl.)

gegn

Daníel Brandssyni og

Samvinnutryggingum g/t

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Skaðabótamál. Umferðarlög. Áfrýjunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. júlí 1975. Dómkröfur hans eru aðallega þær, að stefndu verði dæmdir til að bæta honum óskipt það tjón, er hann beið vegna slyss þess, sem hann varð fyrir 17. júlí 1971 á Fróðastöðum í Hvítársíðu. Til vara krefst hann þess, að sök verði skipt og báðum stefndu verði dæmt skylt að bæta honum óskipt hluta af tjóni hans samkvæmt mati Hæstaréttar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétti hefur því verið lýst yfir af umboðsmanni áfrýjanda, að héraðsdómari hafi hvorki tilkynnt honum um þinghald til uppsögu hins áfrýjaða dóms, svo sem skylt er

samkvæmt 1. mgr. 194. gr. laga nr. 85/1936, né heldur hafi hann tilkynnt honum um uppkvaðningu dómsins, eftir að hún fór fram. Hafi hann þá fyrst fengið vitneskju um dóminn, er hann fékk endurrit hans afhent hjá borgardómara-embættinu í Reykjavík hinn 21. júlí 1975. Er þetta ekki ve-fengt af stefndu.

Í 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 er kveðið á um afbrigðilegan áfrýjunarfrest, er dómur hefur gengið í máli, þegar sakarefni hefur verið skipt, svo sem ákvæði þetta heimilar. Er áfrýjunarfrestur þá einungis vika frá dómsuppsögu. Sér-ákvæði þetta stuðlar að því, að skipting sakarefnis valdi sem minnstum töfum á því, að fullnaðarúrslit fáið í máli. Þegar þess er gætt, hversu skammur fresturinn er, sem hér er settur til áfrýjunar, verður að skýra ákvæði þetta á þann veg, að einnar viku áfrýjunarfrestinn beri þó því aðeins að telja frá dómsuppsögu, að dómari hafi gætt þess að tilkynna aðilja eða umboðsmanni hans um þinghald til dómsuppsögu, svo sem 194. gr. laga nr. 85/1936 býður. Ella beri að telja einnar viku frestinn frá því að aðili eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um uppkvaðningu dóms. Þykir sú skýring eðlileg með hliðsjón af ákvæði 22. gr. laga nr. 75/1973. Samkvæmt þessu hefur málinu verið áfrýjað í tæka tíð.

II.

Fallast verður á þá niðurstöðu héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, að dráttarvélin hafi eigi farið á hreyfingu vegna neins konar bilunar í henni sjálfri, heldur hafi hreyfing hennar stafað af því, að áfrýjandi hafi af vangá komið við skiptistöngina og dráttarvélin þess vegna farið í gír. Hefur sú niðurstaða einnig stoð í áliti hinna dómkvöddu manna. Ekki verður talið, að hin hlutlæga bótaregla 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr., laga nr. 40/1968 eigi við um slys áfrýjanda, er vann að viðgerð dráttarvélarinnar og olli því samkvæmt framansögðu, að hún fór á hreyfingu. Þá verður eigi talið, að breyting á ræsibúnaði dráttarvélarinnar hafi verið með þeim hætti, að á stefnda Daniel verði lögð ábyrgð á slysinu vegna þeirrar breytingar. Eigi hefur heldur verið

sýnt fram á, að slysið hafi hlotist af saknæmu atferli hans að öðru leyti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júní 1975.

I.

Mál þetta var dómtekið 13. júní sl. Stefnandi er Erlingur Aðalsteinsson, Leirskálum 2, Hafnarfirði, en stefndu Daniel Brands-son, Fróðastöðum, Hvítársíðu, og Samvinnutryggingar g/t, Ármúla 3, Reykjavík. Stefna í málinu er birt 17. maí 1972, og það er þingfest 25. maí sl. Þá fengu stefndu frest til skila á greinargerð, er lögð var fram í þinghaldi 14. september 1972. Fengu þá aðiljar sameiginlegan frest til gagnaöflunar um óákveðinn tíma. Framhaldssök var höfðuð í málinu 7. mars 1974, og greinargerð af hálfu framhaldsstefndu var lögð fram í þinghaldi 4. apríl 1974. Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 8. janúar 1973.

Í þinghaldinu 13 júní sl. er m. a. þetta bókað:

„Dómsformaður beinir því nú til lögmanna, að áður en dómur gangi í málinu, mundi þeim verða gefinn kostur á að leita álits Læknaráðs vegna hinna tveggja mismunandi örorkumata, er fyrir liggja í málinu. Af því tilefni lýsa lögmenn því yfir og ráðstafa sakarefni á þann hátt, að þeir séu sammála um að æskja þess, að málið verði einungis flutt munnlega um ábyrgðarþátt þess, en aðrir þættir hvíli á meðan. Eftir atvikum fellst dómurinn á þessa málsmeðferð, og fer þá fram munnlegur málflutningur skv. framansögðu, enda hafa lögmenn áður lýst því yfir, að gagnaöflun í málinu væri lokið.“

Samkvæmt framansögðu eru dómkröfur stefnanda í þessum þætti málsins þær, „að báðir stefndu verði dæmdir solidarískt skaðabótaskyldir vegna þess tjóns, sem stefnandi beið af völdum slyss þess, sem hann varð fyrir 17. júlí 1971, svo og að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ, sbr. dómsskjöl nr. 44 og 45.“

Dómkröfur stefndu í þessum þætti málsins eru þær, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Ítarlegar sáttaumleitanir í málinu hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi varð fyrir slysi 17. júlí 1971 kl. um tíu að kvöldi, er hann var að lagfæra dráttarvél, er stóð á hlaðinu við bæinn Fróðastaði í Hvítársíðu. Eigandi dráttarvélarinnar er stefndi Daníel Brandsson, bóndi að Fróðastöðum, en dráttarvélin, sem ber skrásetningarnúmerið MD 58, var tryggð hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t lögboðinni ábyrgðartryggingu. Hefur stefnandi beint bótakröfum vegna meiðsla sinna af völdum slyssins að váttryggingarfélaginu og eiganda dráttarvélarinnar.

Í málinu liggur fyrir skýrsla stefnda Daníels Brandssonar, er hann gaf fyrir lögreglunni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 23. júní 1971. Rétt þykir að taka meginefni skýrslunnar orðrétt upp í dóminn: „Dráttarvélin mín hafði verið mjög erfið í gang undanfarið, fór ég því heim til Erlings Aðalsteinssonar, Laufskálum 2, og bað hann að laga fyrir mig vélina, en hann er mjög lagtækur og hafði oft gert við vélar fyrir mig áður. Erlingur kom nokkru á eftir mér, og var með honum maður, Sverrir Steingrímsson, Háteigsv. 13, R-vík. Erlingur sneri sér strax að gera við vélina, en hún stóð á veginum heima við hús. Er hann var u. þ. b. að ljúka verkinu (skifta um plátínur), ætlaði ég að fara inn til að ath. með kaffi, en stoppaði sem snöggvast á stéttinni til að ath. drifskift, sem þar var. Er ég sneri frá dráttarvélinni, var hún komin í gang, og Erlingur stóð til hliðar við hana eins og hann væri að hlusta í henni ganginn. Það næsta, sem ég verð var við, er, að vélin er komin á stað, leit ég þá við og sé, að Erlingur liggur á jörðinni og dregst með vélinni, virtist mér eins og hann hefði fest hægri fót í henni. Ég geri mér ekki alveg fulla grein fyrir, hvað skeði, en ég hljóp fram með vélinni h/megin, en hún fór í sveig til hægri og stöðvaðist á vegg mjólkurhússins, er ég kom að, var Erlingur laus við vélina, og lá hann hægra megin við/eða framan við afturhjólið. Í því kom að Sverrir og dóttir mín, og bað ég hana að fara strax inn og hringja í lækni og sjúkrabíferið, því ég gerði mér ljóst, að hér væri um töluvert slys að ræða. Síðan bárum við Sverrir Erling inn í hús....“ Að öðru leyti

fjallar skýrslan um það, hvernig hinum slasaða var komið til læknis.

Hér fyrir dómi sagði stefndi Daníel Brandsson, að hann hefði ekki vitað, hvað var að vélinni. Hlaðið, þar sem dráttavélin stóð, sé malarborið og enginn halli á því, sem maður taki eftir. Veður hafi verið kyrrt og þurrt þetta kvöld. Hann hafi verið með Erlingi að gera við vélina. Þeir hafi fyrst reynt að setja hana í gang, en það hafi ekki tekist. Hvorugur þeirra hafi farið upp í vélina í þeim tilgangi, heldur einungis staðið hjá henni, þar sem hægt sé að starta henni með því að standa við hliðina á henni. Hann sagðist minna, að þeir tækju af kveikjulokið og skoðuðu í kveikjuna. Síðan hafi stefnandi athugað eitthvað leiðslur og ýmislegt í vélinni, en síðan farið að skipta um plátínur í kveikjunni. Síðan hafi þeir eitthvað farið að prófa ganginn í vélinni og sett hana í gang nokkrum sinnum, tvisvar þrisvar líklega. Ekki sagðist hann muna með vissu, hvor þeirra hafi sett hana í gang, en sagðist halda, að þeir hafi báðir sett hana í gang einhvern tíma. Hann sagðist halda, að þeir hafi þó aldrei farið upp í sæti dráttarvélarinnar til þess að setja hana í gang. Hann sagðist ekki hafa séð, þegar vélin fór af stað. Hann hafi ekki verið kominn mjög marga metra frá vélinni, þegar hann hafi tekið eftir, að hún var farin af stað. Hann sagðist halda, að stefnandi hafi staðið við hægri hlið vélarinnar, þegar hann, þ. e. stefndi Daníel, fór frá vélinni heim að húsi. Þá hafi vélin verið í gangi. Hann hafi verið búinn að ganga örfá skref og stansað aðeins og alveg í þann mund hafi hann orðið var við, að vélin var komin á hreyfingu. Ekki sagðist hann geta sagt til um, hvort vélin hafi stöðugt verið í gangi frá því hann sneri sér frá henni og þangað til hann sneri við og sá, að vélin var farin af stað. Hann sagðist ekki geta sagt til um, hvort það hefði slökknad á vélinni á þessum tíma.

Daníel sagðist halda, að ekki hafi getað verið, að vélin hafi verið með stöðuhemil, þar sem hún stóð á hlaðinu, vegna þess að hún hefði ekki getað farið svona af stað, ef hemillinn hefði verið á, þ. e. ef fullgengið hefði verið frá honum. Hann sagðist halda, að hemillinn hefði verið í lagi. Ekki sagðist hann vita til þess, að vélin hafi nokkurn tíma áður hrokkið í gír. Hann sagði, að ekki hefði verið öryggishlíf á sláttuvélargreiðunni. Hann sagðist halda, að stefnandi hefði einhvern tíma sett vélina í gang, eftir að hann var búinn að skipta um plátínur. Hann sagði, að dráttarvélin væri af gerðinni Ferguson 1951 og hafi hann átt hana frá þeim tíma. Vélin hafi verið notuð í ígripum, þar sem hún væri

með bensínvél, en hann væri farinn að nota dieselvélar að öðru leyti.

Í málinu hefur verið lögð fram handskrifuð utanréttarskýrsla stefnanda, dags. 9. sept. 1971, svohljóðandi: „Hinn 17. júlí s.l. varð ég undirritaður, Erlingur Aðalsteinsson, Laufskálum II, Borgarfirði, fyrir slysi, er ég var að vinna við dráttarvél hjá Daníel Brandssyni að Fróðastöðum í Borgarfirði. Var ég að gera við vélina með Daníel á hlaðinu á Fróðastöðum. Þurfti að skipta um plátínur í mótornum. Þegar því verki var lokið, var vélin sett í gang, og stóð ég við hægri hlið vélarinnar. Daníel var einnig við vélina. Einnig hafði Sverrir Steingrímsson komið með mér til Daníels, en hann var ekki viðstaddur í þá andrá, sem slysið skeði. Var ég að athuga ganginn í mótornum. Daníel sneri sér nú frá vélinni og ætlaði inn í hús og rétt í því að hann hefur snúið sér frá dráttarvélinni, hrekkur hún í gír. Varð ég fyrir dráttarvélinni og dróst með henni nokkra metra, þar til hún stoppaði á mjólkurhúsveggnum. Daníel hljóp til, þegar hann sá þetta, og ætlaði að stöðva vélina, en hún var þegar stönguð á mjólkurhúsveggnum, er hann komst að henni. Ekki get ég gert mér grein fyrir nánari tildrögum slyssins né heldur af hverju vélin hrökk í gír. Ef til vill hefur orðið einhver bilun í gírkassa eða slit í honum orsakað þetta. — Eftir slysið var ég fluttur á sjúkrahúsið á Akranesi og hef legið þar síðan.“

Í læknisvottorði, sem dagsett er 8. september 1971, segir svo um tildrög slyssins orðrétt: „Sj. var að vinna við dráttarvél, sem var eitthvað biluð, og stóð hann við hlið hennar, er hann setti hana í gang, og hafði hún þá af einhverjum orsökum hrokkið í gír og fór af stað. Sj. festist þá sennilega í sláttuvélargreiðunni, sem stóð upp með hlið dráttarvélarinnar, og dróst með dráttarvélinni og hafði við fótur farið undir og snúist yfir stóra dráttarvélarhjólið nokkrum sinnum, eða þar til dráttarvélin rakst á húsvegg og hafði þá farið u. þ. b. 10 m.“

Hér fyrir dómi sagði stefnandi, að hann hefði ekki lært bifvélaþráttir sem iðn í skóla, en unnið við hana meira eða minna nokkuð lengi. Það starf hafi verið fólgið í viðgerð á vélum, dráttarvélum, bílum og allt upp í bátavélar. Hann hafi meðal annars unnið við akstur dráttarvéla svo árum skipti, ef það væri tekið saman. Stefnandi lýsti dráttarvélinni þannig, að bensínþöfin væri staðsett við stýrið. Gírstöngin væri beint fyrir framan sætið milli fóta ökumanns. Á vélinni væri stöðuhemill, sem væri þannig, að stigið væri á fótstigið og síðan settur lás fyrir, sem héldi

fótstiginu niðri. Hemill væri fyrir hvort afturhjólanna á þessari dráttarvél. Fóthemlarnir væru sitt hvorum megin, hvor fyrir sitt hjól. Stöðuhemillinn væri svo hægra megin. Stefnandi sagði, að rofinn fyrir gangsetningu væri í mælaborðinu og væri vélin sett í gang með því að þrýsta á þennan hnapp, en að sjálfsögðu þyrfti að nota lykil, áður en dráttarvélina væri sett í gang. Þegar stefnandi var spurður að því, hvernig hann mundi setja svona dráttarvél í gang, ef hann væri ökumaður hennar, sagðist hann mundi að sjálfsögðu gá að því, hvort hún væri í gír, svissaði síðan með lykli og startaði henni. Stefnanda bar saman við stefnda Daníel um aðdragandann að komu stefnanda að Fróðastöðum, um ástand hlaðsins, þar sem vélin stóð, og um veður þetta kvöld. Hann sagðist hafa byrjað að reyna að setja vélina í gang, en það hafi ekki tekist. Hafi hann farið upp í dráttarvélinu til þess. Síðan hafi hann farið í kveikjuna í vélinni og skipt um platínur. Hann sagðist ekki muna, hvort stöðuhemill hafi verið á vélinni, þegar hann hafi farið upp í hana til að setja hana í gang. Hann sagðist telja frekar líklegt, að vélin hafi þá verið í gír, þótt hann væri ekki viss um það, því venjulega væru þessar vélar skyldar eftir í gír, þegar dautt væri á þeim. Hann sagðist ekki muna, hvort hann hefði tekið vélina úr gír, en sagðist gera ráð fyrir því, að hann hefði gert það, hafi hún verið í gír. Þegar hann hafi verið búinn að skipta um platínurnar, þá hafi hann sett vélina í gang og síðan hafi hún verið hlustuð og stillt. Hann sagðist ekki muna, hver hafi sett vélina í gang, þeir hafi verið þarna báðir, þ. e. hann og Daníel, og vélin hafi verið sett í gang oftár en einu sinni. Þegar hann hafi verið búinn að skipta um platínur, hafi Daníel verið við hliðina á honum. Ekki sagðist hann geta munað, hver hefði sett vélina fyrst í gang, eftir að búið var að skipta um platínur. Ekki sagðist hann muna eftir því, hvort hann hafi farið upp í sæti vélarinnar, eftir að hann hafði skipt um platínurnar. Hann sagðist hafa verið hægra megin við vélina, þegar hann festist í henni, og hafi Daníel sömuleiðis verið við vélina þeim megin. Hann sagðist hafa fest í vélinni á hægra fæti og hinn muni sennilega hafa farið undir afturhjólið, kannski einu sinni, kannski oftár. Þetta hafi skeð svo fljótt, að ekki hafi verið hægt að gera sér grein fyrir því. Hann hafi verið með fullri meðvitund, þegar vélin hafi stöðvast á mjólkurhúsveggnum eftir að hafa farið 5, 6, 7 metra eða eitthvað svoléiðis. Ekki væri gott að segja, hvers vegna hann hefði lent í vélinni, en honum dytti helst í hug, að hún hefði farið af stað vegna slits í gírkassa. Það væri það eina, sem hon-

um gæti dottið í hug, þótt hann vildi ekkert um það fullyrða. Vél-in hafi verið í gangi, áður en hún fór af stað og hann varð fyrir henni. Hún hafi verið búin að ganga svolitla stund, ekki lengi, þrjár, fjórar mínútur. Hann sagði sér kunnugt um af reynslu sinni í sambandi við viðgerðir á dráttarvélum, að vélar hefðu áður hrokkið í gír. Hins vegar hafi hann ekki orðið vitni að því, en hann vissi til þess, að það hafi komið fyrir vél, einmitt af þessari gerð. Ástæða þess, að vél hrökkvi í gír, sé hreinlega slit. Þá sagði stefnandi, að ef maður stæði hægra megin við dráttarvélina og hún væri ekki í gangi, væri ekki hægt með góðu móti að setja hana í gang frá þeim stað. Hann hefði ekki getað gert það, þar sem hann stóð, þegar slysið varð. Hann sagðist ekki mundu hafa getað teygt sig frá þeim stað, sem hann stóð við vélina, og í mælaborð hennar, þannig að hann hefði getað sett hana í gang. Hann sagðist ekki muna eftir því, hvort hann hefði sett stöðuhemilinn á, áður en hann byrjaði að vinna við vélina.

Eftir að stefnandi og stefndi Daníel höfðu verið yfirheyrðir í þinghaldi 13. mars 1973, urðu umboðsmenn aðilja sammála um að fá tvo menn sitt frá hvorum aðilja til að skoða dráttarvélina og gefa skýrslu um búnað hennar og ástand. Umrædd skýrsla, sem er dags. 19. mars 1974, er undirrituð af Ágúst Sigurbórssyni, Valdimar Aðalsteinssyni og Símoni Aðalsteinssyni. Í skýrslunni segir fyrst, að þeir hafi samkvæmt ósk Samvinnutrygginga farið 21. maí 1973 að Fróðastöðum í Borgarfirði til þess að skoða umrædda dráttarvél og gefa skýrslu um ástand hennar. Með þeim hafi verið mættur Símon Aðalsteinsson, Laugateigi, Bæjarsveit, sem hafi mætt fyrir hönd stefnanda. Við athugun á dráttarvél-inni hafi eftirfarandi komið í ljós: „Þessi gerð af dráttarvél var upphaflega þannig útbúin, að henni var startað með gírstöng-inni, þannig að stöngin var sett í frístöðu og henni ýtt til hægri, þá var henni lyft upp og síðan ýtt fram, og þá startaði vél-in. Þessi útbúnaður kom í veg fyrir, að vélinni væri startað í gír. — Að sögn eiganda vélarinnar bilaði þessi starttrofi frekar fljótt, og var réttur starttrofi ekki fáanlegur, en til að vél-in væri ekki ónothæf, var settur á hana utanálíggjandi starthnappur og hon-um komið fyrir vinstra megin við mælaplötuna, en þar með var fyrri öryggisbúnaður óvirkur. Gírstöng og skiptigafflar virtust vera mjög lítið slitin og skiptiáshögl virtust virka eðlilega. — Ef gírstöngin er fljótfrænislega tekin úr gírstöðu, getur hún vegið á skiptiáshöglinu, þannig að við minnsta titring eða viðkomu hrökkvi gírstöngin annað hvort í gír eða í frígír, og ræður til-

viljun í hvora áttina hún fer. — Hér mun ekki vera um galla að ræða, heldur er þetta svona á þessari gerð af dráttarvél. Eigandi vélarinnar Daníel Brandsson sagði okkur, að fyrir nokkrum árum hafi hann látið yfirfara gírkassann og að þá hafi verið skipt um í gírkassanum það, sem þurfa þótti, og sýndi hann okkur ýmsa gamla gírkassahluti því til sönnunar, en þar voru meðal annars slitnir skiftigafflar. Daníel sagði, að eftir þessa gírkassa-viðgerð hafi dráttarvélin verið tiltölulega lítið notuð, eða mest sem aukavél um háannatímann og í minni verkefni. — Þar sem við vorum fyrst og fremst beðnir að athuga gírskiptibúnaðinn, skoðuðum við dráttarvélinu lítið að öðru leyti, til dæmis settum við hana ekki í gang, þar sem það var ekki talið þjóna neinum tilgangi. — Það varð að samkomulagi milli okkar og Símonar Aðalsteinssonar, að hann kæmi við hjá okkur í Ármúla 3, svo fljótt sem hann gæti, og við útbyggjum sameiginlega álitsgjörð, en einhverra hluta vegna hefur það ekki orðið, og kunnum við ekki viðhlítandi skýringu á því.“

Framangreindir Valdimar og Ágúst hafa staðfest þessa skýrslu fyrir dómi og sögðust hafa samið hana í sameiningu. Valdimar sagðist vera við nám í vélvirkjun og starfa hjá véladeild SÍS. Um orsök slyssins taldi hann líkur vera á því, að girinn eða gírstöngin hafi ekki raunverulega verið alveg í „neutral“ gír eða hún hafi getað verið upp á skiptikúlunni, þegar vélin var í gangi. Þegar þetta hafi átt sér stað, álíti hann, að vélin hafi ekki verið alveg í „neutral“ og við hristing eða titring á vélinni þá geti gírstöngin farið niður hinum megin, niður af kúlunni, og farið í gírstöðu, sé vélin í hægagangi. Þessar vélar séu mjög hæggengar og lággíraðar og eigi hægt með að fara af stað í þeirri stöðu, ef þær fari í lágan gír. Valdimar sagði, að hann teldi mögulegt að setja þessa dráttarvél í gang án þess að fara í öikumannssætið, svo framarlega sem vélin væri í frígír. Eftir því sem honum skildist, þá sé startrofinn á vélinni ekki þeim megin, sem stefnandi stóð, er slysið varð, en hann teldi það aðeins möguleika að starta vélinni í gang í þeirri stöðu, ef maður teygði sig eins og hægt væri.

Áðurnefndur Ágúst Sigurpórsson sagðist hafa unnið við bíla-viðgerðir um 14 ár, en væri ekki útlærður. Hann sagðist ekki treysta sér til að segja til um orsakir slyssins. Hann sagði, að hægt væri að setja dráttarvél sem þessa í gang með því að standa hjá henni og teygja sig í startara og kveikjulás. Þetta væri hægt að gera hvort heldur staðið væri vinstra eða hægra megin við vélina, en það væri auðveldara, ef staðið væri vinstra megin við hana.

Hann sagði, að mögulegt væri að „tengja saman“, sem kallað sé, á svona vél, en hann sjái enga ástæðu til að ætla, að þess hefði þurft eða það hefði verið gert í þessu tilfelli. Hann sagði, að gírstöngin gæti verið uppi á skiptikúlunni, þegar hreyfillinn væri í gangi. Til þess að möguleiki sé á því, að gírstöngin fari af sjálfsdáðum í gír, þá verði hreyfillinn að ganga mjög hægt, en við þessar aðstæður þurfi hins vegar örlítið að koma við gírstöngina, til þess að hún detti í gír, en eftir því sem hreyfillinn gangi hraðar þurfi að koma fastar við gírstöngina. Með orðalaginu „við þessar aðstæður“ væri einungis til þess vísað, að gírstöngin væri í þeirri stöðu að vega á skiptiáshöglinu eða væri uppi á skiptikúlunni.

Aðurnefndur Símon Aðalsteinsson staðfesti framangreinda skýrslu fyrir dómi. Hann sagðist vera bróðir stefnanda. Hann sagðist starfa á verkstæði sínu á Bæ í Borgarfirði. Hann hafi unnið mikið við viðgerðir á vélum og öðru slíku, sem Samvinnu-tryggingar hafi tryggt. Aðallega þó tryggingatjón á bílum. Hann sagði, að ekkert væri því til fyrirstöðu að setja dráttarvélina í gang með því að standa við hliðina á dráttarvélinni og þrýsta á starthnappinn. Einnig væri hægt að setja vélina í gang með því að tengja straum beint af geymi niður á startara með einhverri leiðslu, en til þess þurfi viðbótartilfæringar. Símon var að því spurður, hvort hann vissi til þess, að viðgerðarmenn, sem þurfi að setja vél öðru hverju í gang, fari þannig að að teygja sig í startrofann standandi við hliðina á vélinni. Hann sagðist vita þess dæmi, að menn gerðu þetta, ef þeir þyrftu að vera fram við vél og ef um einhverjar stillingar á blöndung og kveikju væri að ræða. Þá væri þetta oft gert, og þá reyndu menn yfirleitt að fullvissa sig um, að gírin væri í hlutlausri stöðu. Í þessu tilfelli virtist aðeins vera möguleiki á, að gírstöngin hafi verið milli gíra. Hægt væri að taka sem dæmi, að í mörgum bílum væri gert ráð fyrir því, einmitt í sambandi við prófanir og annað, að hægt væri að starta þeim frammi í vélarrúmi. Sú aðstaða væri ekki ósvipuð.

Hinn 9. september 1974 voru Eirík Eylands deildarstjóri og Ólafur Þ. Jónsson vélvirki dómkvaddir til að framkvæma skoðunar- og matsgerð í málinu. Matsgerð þeirra, sem dagsett er 10. október 1974, er svohljóðandi orðrét: „Samkvæmt endurriti úr bæjarþingsbók Reykjavíkur, dags. 9. 9. 1974, voru undirritaðir dómkvaddir til að kynna sér öll skjöl í bæjarþingsmálinu 3003/1972, ennfremur að skoða, lýsa og segja álit sitt á ástandi og

búnaði dráttarvélar, skrásett Md-58, ennfremur segja álit sitt á, hverjar orsakir gætu hafa verið vegna slyss, er um ræðir í umræddu bæjarþingsmáli. — Eftir að hafa haft samband við málsaðila, svo sem í dómkvaðningu greinir, fórum við að Fróðastöðum í Hvítársíðu föstudaginn 13. 9. Þar var mættur Ágúst Sigurþórsson fyrir hönd Samvinnutrygginga. — Samkvæmt beiðni undirritaðra gangsetti Daniel Brandsson bóndi dráttarvélina, sem er af gerðinni Ferguson TEA-20. Er vélin hafði náð svo til eðlilegum vélarhita, báðum við Daníel að setja stöðuhemilinn á og að því búnu að setja í lægsta hraðastig (1. gír), láta hreyfilinn snúast á um það bil hálfum hámarkshraða, gefa síðan tengslisástig hratt upp. Við samtengingu hreyfils og „gírkassa“ kipptist dráttarvélina til án þess að snúa hjólum, og stöðvaðist þá hreyfillinn samstundis. Með þessu var gengið úr skugga um, að stöðuhemillinn hélt vélinni. Að svo komnu máli yfirgaf Daníel okkur. — Þegar setið er í ekilssæti vélarinnar, er kveikja, ræsir og ræsihnappur vinstra megin á vélinni, en blöndungur hægra megin. Í upphafi var þessi gerð af Ferguson dráttarvélum með öryggi á ræsingu, þannig að útilokað var, að hreyfillinn væri ræstur, ef hún væri í gír. — Þessi gerð Ferguson véla hefur fjögur hraðastig áfram og eitt afturábak, auk þess er sjötta staða skiptingar notuð við gangsetningu. Þegar setið er í sæti og skiptistöng höfð í „fírgír“ og færð alveg til vinstri, er hún í stöðu milli fyrsta og annars gírs, (færsla fram fyrsti gír, færsla aftur annar gír), sé hún færð til hægri að viðnámi, er skiptistöngin í stöðu milli þriðja og fjórða gírs (færsla fram þriðji gír, færsla aftur fjórði gír). Við frekari færslu til hægri þarf að lyfta stönginni lítillega, og fer hún þá í stöðu milli ræsingar og afturábak gírs (færsla fram ræsing, færsla aftur afturábak gír). — Upphaflegur öryggis- og ræsibúnaður er óvirkur á umræddri dráttarvél. Skiptibúnaður vélarinnar virtist að öllu leyti eðlilegur, nema hliðarfærsla á skiptistöng var mjög laus, og stöðvast hún ekki við færslu til hægri fyrr en við afturábak stöðu. Kúlur og gormar, sem halda skiptiöxlum í þeirri stöðu, sem ætlast er til hverju sinni, virkuðu eðlilega. — Í stað hins upphaflega ræsibúnaðar hefur verið settur ræsihnappur á vinstri hlið vélarinnar neðan við rafgeymi. Frá ekilssæti og ef staðið er við vinstri hlið vélarinnar, er mjög auðvelt að ná til ræsihnapps, sé hins vegar staðið hægra megin við hreyfil og vél, verður vart náð til hnappsins á annan hátt en með því að fara með vinstri hönd milli stýrisrörs og skiptistangar. Vegna lítils rýmis milli stýrisrörs og skipti-

stangar verður að gæta sérstakrar varúðar, eigi stöngin ekki að færast til vinstri í stöðu milli fyrsta og annars gírs. Sé afstaða gírhjóla í gírkassa þannig, að tennur standist ekki á, þarf mjög lítið átak á skiptistöngina, til þess að hún færist í annan gír. — Eftir athugun á stöðuhemli reyndum við að ræsa hreyfilinn í annað sinn, en sökum rafmagnsleysis tókst okkur það ekki. Við svo búið var farið af vettvangi. — Eftir athugun á annari dráttarvél af sömu gerð og Md-58 töldum við ástæðu til að gera nánari athuganir á Md-58. Þann 18. 9. fórum við að Fróðastöðum með útbúnað til þess að geta gangsett vélina. Á leið þangað var komið við á Laufskálum II og rætt við Erling Aðalsteinsson. Kom ekkert fram í þeim viðræðum, sem að okkar mati getur frekar varpað ljósi á málið, umfram það, sem þegar er komið fram í málsskjölum. — Eftir talsverðar lagfæringar á kveikjubúnaði hreyfils var hann ræstur og gekk eðlilega. Gerðum við ýmsar athuganir á skiptibúnaði, einkum með það fyrir augum að kanna, svo sem kostur var, hverjir möguleikar væru á, að vélin hrykki í gír, án þess að komið væri við skiptistöng. Ennfremur var prófuð gangsetning í ýmsum hraðastigum með mismunandi stillingu á bensín-gjöf. Eftir því sem bensín-gjöf er stillt á meiri snúningshraða hreyfils, er auðveldara að ræsa hann (án þess að staðið sé á tengslisástigi), og fer þá vélin tafarlaust á hreyfingu, um leið og ræst er, og því lægra hraðastig, sem er tengt, þarf hreyfillinn minni bensín-gjöf. — Niðurstaða: Undirritaðir, sem hafa kynnt sér afhent málsskjöl í máli þessu og gert framangreindar athuganir, telja nær engar líkur á, að vélin hafi, með hreyfil í gangi, af sjálfsdáðum farið í gír. Orsakir slyssins gætu hafa verið þær, að vélin hafi verið í gír, þegar hreyfill var ræstur, eða komið hafi verið við skiptistöng, meðan hreyfill var í gangi, og af þeim orsökum hafi vélin farið í gír. — Með mati okkar fylgja ljósmyndir, er sýna, hvornig eðlilegast megi telja, að farið væri að, ef hreyfill væri ræstur og staðið væri hægra megin við vélina.“

Matsgerð þessa hafa matsmennirnir báðir staðfest hér fyrir dómi.

Eirík Eylands kvaðst hafa stúdentspróf og nám í Tækniskólanum í Osló. Hann hefði stundað viðgerðir á dráttarvélum í fjöldamörg ár, haft umsjón með þeim, séð um að taka í sundur hundruð dráttarvéla, annast kennslu í meðferð þeirra bæði hérlendis og erlendis. Sú niðurstaða matsmanna, að þeir telji nær engar líkur á, að vélin hafi með hreyfilinn í gangi af sjálfsdáðum farið í gír, var borin undir matsmanninn og hann spurður, hvað fælist ná-

kvæmlega í þessu orðalagi. Hann sagði, að í tilfelli sem þessu teldi hann sér ekki fært að staðhæfa það, að það gæti ekki gerst, sem síðan segði í matsgerðinni, en hann væri jafnvel tilbúinn að taka sterkara til orða en þarna væri gert, enda væri hér nánast um orðalagsatriði að ræða. Hann treysti sér ekki til að fullyrða um, að þetta gæti ekki skeð, en hann gæti hins vegar ekki séð, með hvaða hætti það gæti orðið. Með öðrum orðum hann gæti ekki „100% fullyrt“, að þetta gæti ekki gerst. Matsmaðurinn sagðist ekki telja neitt því til fyrirstöðu, að skiptistöng gæti verið í þeirri stöðu, sem getið væri í áðurnefndri skýrslu Ágústis Sigurþórssonar, Valdimars Aðalsteinssonar og Símonar Aðalsteinssonar. Skiptistöngin gæti staðið þannig, hvort sem hreyfill væri í gangi eða ekki, en væri hreyfill í gangi, teldi hann, að engar líkur væru á, að vélin hefði af sjálfsdáðum farið í gír. Matsmaðurinn ítrekaði varðandi líkur á því, að vélin hrökkvi í gír, að meginmunur væri á því, hvort hreyfill væri í gangi eða ekki, þ. e. að miklu minni líkur séu á því, að vélin hrökkvi í gír, ef vélin er í gangi, eða eins og í matsgerð segi „nær engar líkur“. Matsmaðurinn kveðst telja það nokkuð algengt að því er ýmsar vinnuvélar varðaði, að þær væru ræstar með því að standa hjá þeim, ef því yrði við komið og ekki væri nauðsynlegt að fara í sérstakt öku-mannssæti. Sagðist matsmaðurinn ekki telja þetta óeðlileg vinnubrögð.

Matsmaðurinn Ólafur Þorkell Jónsson sagðist hafa fjögurra ára nám í vélvirkjun og þriggja ára nám í Vélskóla Íslands. Hann hefði gert við dráttarvél, þótt nokkuð langt væri síðan. Hann hefði ekið dráttarvél, þótt hann hefði ekki unnið með því tæki. Svör hans í réttinum voru efnislega samhljóða svörum matsmannsins Eiríks Eylands. Hann sagðist gera ráð fyrir því, að vinnuvélar væru yfirleitt ræstar úr ökumannssæti. Hann sagði að því er varðaði hér umrædda dráttarvél og þar sem hún hefði verið í viðgerð og einkum þar sem verið var að gera við rafkerfi hennar svo og með tilliti til þess, að mjög auðvelt væri að ræsa vélina með því að standa vinstra megin við hana, mætti kannski ekki teljast óeðlilegt að fara þannig að, þar sem segja mætti, að með því væri einungis spöruð sporin. Þetta væri líka hægt með því að standa hægra megin við vélina, þótt það væri nokkuð erfiðara.

Með dómkvaðningu 15. janúar 1975 voru sömu matsmenn dómkvaddir til að framkvæma viðbótarmatsgerð í málinu. Sú matsgerð er dags. 6. maí 1975 og er svohljóðandi orðrétt: „Samkvæmt

endurriti úr bæjarþingsbók Reykjavíkur, dags. 15. jan. 1975 (mótt. 7/2 '75), voru undirritaðir dómkvaddir til viðbótarmatsgjörðar vegna bæjarþingsmálsins 3003/1972.

Eftir að hafa haft samband við málsaðila, svo sem í kvaðningu greinir, fórum við að Fróðastöðum þann 27. febrúar 1975 og kynntum okkur eftir föngum stöðu sláttugreiðu og búnað og einnig hugsanlega stöðu Erlings Aðalsteinssonar við vélina, er slysið varð. Settum við sláttuvélina á umrædda dráttarvél og gengum frá sláttugreiðu í þeirri stöðu, sem Daniel Brandsson telur hana hafa verið, þá er slysið varð. Sjá ljósm. nr. 1, 2 og 3. — Um hugsanlega stöðu Erlings þykir okkur einsýnt, að hann hafi staðið með hægri fót fyrir framan greiðufestingu og þann vinstri fyrir aftan greiðufestingu, það er með vinstri fót fyrir aftan sláttugreiðu og framan hægra afturhjól. Sjá ljósmynd nr. 4, 5 og 6. Mestar líkur teljum við, að Erlingur hafi festst í sláttugreiðunni á þann hátt, að þegar vélin fór af stað, hafi fingur sláttugreiðu stungist í hægri kálfa Erlings og jafnframt vinstri fótur orðið undir hægra afturhjól. Samkvæmt fengnum upplýsingum hjá Daniel Brandssyni var sláttugreiðan bundin upp með grönnum kaðli, sem festur var í efri hluta greiðunnar og í uppistöðu hlífðargrindar, sem er á dráttarvélinni. Sjá ljósmynd nr. 1 og 2. Enginn sérstakur öryggisbúnaður mun hafa verið á sláttugreiðunni, og engin hlíf var yfir fingrum sláttugreiðunnar. Að framan-skráðu athuguðu var orðið það áliðið dags, að vegna myrkurs urðu ekki nánari athuganir gerðar á gírkassa umfram þær, sem áður höfðu farið fram. Sjá fyrri matsgjörð. — Mánudaginn 5. maí fórum við enn að Fróðastöðum til skoðunar á gírkassa. Við athugun á skiptibúnaði, skiptistöng og skiptigöfflum var um mjög óverulegt slit að ræða. Reyndist það vera í rauf á skiptigaffli 3. og 4. ganghraðastigs, sem endi skiptistangar leikur í. Ekki var sjáanlegt slit né skemmd á gormum þeim, sem halda skiptiöxlum í þeirri stöðu, sem ætlast er til hverju sinni. Við mælingu á gormum reyndust 2 þeirra vera 40 mm langir, en gormur sá, sem heldur afturábaköxli, 39 mm langur, en nýir gormar eru 41 mm á lengd samkvæmt mælingu á nýjum gormi. Gormar þessir munu upphaflega eiga að vera jafn langir. Við athugun á skiptihjóllum á efri öxli var ekkert óeðlilegt að finna. Slit það, er að framan greinir, í rauf á skiptigaffli og lengd gorma breytir í engu því áliti okkar í fyrri matsgjörð, að við teljum nær engar líkur á, að vélin hafi, með hreyfil í gangi, af sjálfsdáðum farið í gír.“

Þessa matsgerð hafa matsmennirnir staðfest fyrir dómi. Mats-

maðurinn Eirík Eylands sagði, að það mundi vera um 10 metrar, sem vélin hefði hreyfst úr stað frá þeirri stöðu, sem hún var í, þar sem talið er, að viðgerðin hafi farið fram, og þar til hún hafnaði á vegg mjólkurhússins. Þarna væri smávægilegur halli upp í móti frá þeim stað, þar sem vélin stóð, og að mjólkurstöðvarhúsinu. Engar líkur væru á því, að vélin hefði runnið af sjálfsdáðum upp hallann, þótt hann væri lítill. Matsmaðurinn skýrði þetta þannig nánar: „Svo sem fram kemur, þá er sveigur á akstur- stefnu dráttarvélarinnar að mjólkurhúsinu, þannig að akstursbraut vélarinnar myndar nálægt því, að sé U-beygja, eins og stundum er kallað í umferð. Fram undan dráttarvélinni á hlaðinu er slétt land, en ég tel, að um fimm metrum framan við vélina byrji nokkur halli niður á við að læk, sem þar rennur, en sveigur sá, sem vélin tekur að mjólkurhúsinu, er fyrst á láréttu, en síðan örlítið upp í mót. Þannig að ég tel engan halla hafa verið niður í mót á þeirri braut, sem vélin fer, þar til hún stöðvast á mjólkurhúsveggnum.“ Matsmaðurinn sagði, að þeir hefðu athugað vinnudrif, sem væri á vélinni, og segja mætti, að það væri ekki í fullkomnu lagi, en það eina, sem þeir hafi séð athugavert við það, væri stirðleiki í hreyfingu á þeirri skiptistöng, sem tengir dælu við vökvakerfi inn á vinnuvélardrif dráttarvélarinnar, og taldi matsmaðurinn það vera vegna notkunarleysis, en ekki vegna slits. Skiptistöngin væri staðsett á hlið gírkassa, hægra megin séð frá ökumannssæti. Stöngin hafi verið stirð, en að öðru leyti hafi hún virkað rétt. Í tilefni af því, að í matsgerðinni segir, að mjög lítið átak þurfi á skiptistöngina, til þess að hún færðist í 2. gír, var matsmaðurinn spurður að því, hvort þeir hefðu reynt þetta með vélina í gangi. Hann sagði, að þeir hefðu reynt það og auk þess, að hreyfingar gírstangar hefðu verið prófaðar á umræddri vél á Fróðastöðum, þá hefði þetta verið prófað á öðrum vélum af sömu gerð, öðrum Fergusonvélum af gerðinni TA 20, bæði örlítið eldri og örlítið yngri en Fróðastaðavélin. Tilraunum þeirra matsmannanna lýsti Eirík Eylands þannig: „Það sem við reyndum að kanna eftir því sem mögulegt var, margendurtekið, er, að við getum sagt, að við höfum gert það í grundvallaratriðum á tvennan máta. Í fyrsta lagi að gangsetja vélina með skiptistöng í frígír, ég leyfi mér að nota það orð, það er notað í daglegu tali, láta mótörinn ganga á eðlilegum vinnsluhita, stilla mótörinn þannig, að maður teldi hægagang vera nokkuð eðlilegan miðað við það, sem almennt er, reyna þá að hreyfa gírstöngina bæði í annan gír og aðra, önnur hraðastig, og þar er möguleiki með vissu átaki,

eins og hægt mun vera yfirleitt á farartækjum, sem eru með girkassa byggða á þennan hátt, að koma þeim í gír án þess að drepa á mótör, þannig að vélin geti farið af stað. Eftir því sem snúningshraði á mótörnum, hreyflinum, er meiri, þarf meira átak, til þess að þetta geti skeð, sökum þess að þá er snúningshraðamunur meiri á kyrrstæðu hjóli og því, sem er á hreyfingu og í beinu hlutfalli við snúningshraða mótorsins.“

Matsmaðurinn ítrekaði, að mjög lítið átak þyrfti á skiptistöngina, til þess að hún færðist í annan gír, þegar dautt væri á hreyfli, þ. e. í kyrrstöðu. Þá sagði matsmaðurinn, að þeir hefðu athugað svokallaðan lausagírsöxul og tromluöxul í girkassanum, þ. e. a. s. hvort um hefði verið að ræða endaslag í þessum ásum. Þessi athugun hafi átt sér stað, án þess að girkassi hefði verið tekinn í sundur og niðurstaðan hafi verið sú, að ekki hafi verið til staðar neitt óeðlilegt endaslag né slit á annan hátt. Þá sagði matsmaðurinn, að hægt væri að splitta tengslisástig niðri. Sá útbúnaður hafi verið í fullkomnu lagi á vélinni, en hvernig hann hefði verið, er slysið varð, þyrði hann ekki að segja um. Þá sagði matsmaðurinn orðrétt: „Aðaltengsli hélt vélinni fullkomlega. Það var prófað á þann hátt að læsa hemlabúnaðinum og reyna að taka vélina af stað við mismunandi snúningshraða á vél og gert í öllum ganghraðastigum, og samkvæmt minni reynslu og þekkingu, að ef um of slappa kúplingu, ef tengsli eru orðin of slöpp, þá er hægt að halda hreyfli gangandi og láta kúplingu snuða, eins og við tölum um í daglegu tali. Það var útilokað á þessari vél. Þannig að tengsli og frihlaup í tengslisástiginu var eðlilegt.“ Matsmaðurinn sagðist telja nærri fullvíst, að á sínum tíma hafi sérstakar hlífar, sem smeygt er yfir fingur sláttugreiðunnar, fylgt dráttarvélinni. Því miður væri fremur óalgengt, að slíkur búnaður væri notaður. Þá sagði matsmaðurinn, að staðsetning eldsneytisgjafar, sem ökumaður noti til að stjórna snúningshraða hreyfils, væri „vinstra megin við ofanvert, eða ofanvert til hliðar vinstra megin við stýrishjól.“ Þar komi stöng út, sem ökumaður hreyfi. Matsmaðurinn sagði, að þeir matsmennirnir hefðu reynt að líkja eftir hugsanlegri stöðu og handtökum viðgerðarmanns með tilliti til þess, að hann hefði verið að stilla blöndung og kveikju og þurft þar með að hreyfa bensíngjöfina. Matsmaðurinn sagði, að þegar setið væri í ekillsæti vélarinnar, væri kveikja, ræsir og ræsihnappur vinstra megin á vélinni, en blöndungur hægra megin. Síðan sagði matsmaðurinn orðrétt: „Þannig að um viðgerð á kveikju á því augnabliki, þegar vélin fer af stað, hefur ekki getað

verið að ræða, en með því að teygja sig frá bensíngjöfinni, sem ökumaðurinn stjórnar, og frá blöndung þá tel ég, að staðan, staða viðgerðarmanns, komi fram á ljósmyndum, að þannig hljóti maðurinn að hafa staðið, ef hann hafi verið að stilla gang vélarinnar.“ Matsmaðurinn sagði, að þeir matsmennirnir hefðu athugað mjög gaumgæfilega hvort viðgerðarmaðurinn hefði hugsanlega getað snert gírstöngina. Niðurstaðan kæmi fram í fyrri matsgerð, að mjög lítið pláss væri milli stýristúpu og gírstangar, þannig að ef þurfi að teygja sig á milli, þá verði að gæta mikillar varúðar til þess að koma ekki við gírstöngina. Loks sagði matsmaðurinn, að oft gæti komið fyrir, þegar verið væri að stilla blöndung á dráttarvélum, að við fínstillingu gæti verið lokað of mikið fyrir loft eða eldsneyti á blöndung og þá dræpi vélin á sér. Þá sé ef til vill opnað svolítið meira og vélin ræst aftur. Þetta geti komið fyrir, en að sjálfsögðu fari ekki fram nein viðhlítandi stilling á blöndung, nema hreyfill sé í gangi.

Matsmaðurinn Ólafur Þ. Jónsson lýsti landslagi og ferð dráttarvélarinnar í umrætt sinn á sama hátt og hinn matsmaðurinn, en taldi vegalengdina frá þeim stað, þar sem talið er, að viðgerðir hafi farið fram, og að mjólkurhússveggnum meiri en hinn matsmaðurinn. Matsmaðurinn sagði, að bensíngjöfin á þessari dráttarvél væri hægra megin fyrir neðan stýrishjól miðað við það, að setið væri í eilíssæti. Matsmaðurinn sagði, að þeim hafi virst, að staða stefnanda við vélina hefði verið þannig, að hann hefði staðið klofvega, ef þannig mætti að orði komast, hann hafi verið með hægri fót fyrir framan sláttuvélarfestinguna, eða sláttuvélina, og vinstri fót fyrir aftan. Ef hann stæði jafnt í báða fætur, þá væri hann með sláttuvélina á milli fótanna. Loks sagði matsmaðurinn, að hin síðari skoðun breytti ekki fyrra áliti hans á því, að hann teldi mjög litlar líkur á því, að dráttarvélin hafi farið af sjálfsdáðum af stað.

III.

Í stefnu málsins segir, að stefnda Daníel Brandssyni sé stefnt skv. 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 69. gr. sömu laga. Stefnda Samvinnutryggingum g/t sé stefnt skv. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga sem vátryggingarfélagi dráttarvélarinnar. Að öðru leyti eru kröfur stefnanda rökstuddar með því, að sök eiganda dráttarvélarinnar, sem slysinu olli, sé augljós. Hann yfirgefi dráttarvélina í gangi, án þess að handhemillinn hafi verið settur á, enda þótt maður standi fyrir framan hjól dráttar-

vélarinnar. Stefndi Daníel hafi ekki gætt ákvæða 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga, þar sem segi, að þegar ökumaður yfirgefi vélknúið ökutæki, þá skuli hann stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa. Umrædd dráttarvél sé af árgerðinni 1951. Megi nærri geta, hversu slitin dráttarvél hafi verið, og sé mjög líklegt, að einhvers konar bilun hafi orðið í gírkassa vélarinnar, sem hafi valdið því, að hún ók af stað á stefnanda. Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga beri stefndi (sic) ábyrgð á slíku tjóni vegna bilunar eða galla ökutækis og sé hér reyndar um hina objektivu ábyrgðarreglu umferðarlaganna að ræða. Ekkert hafi komið fram, sem bent gæti til þess, að stefnandi ætti sjálfur einhvern þátt í orsök slyssins. Að sjálfsögðu geti hann ekki varað sig á því, að bilun verði í gírkassa vélarinnar, og hann hafi hegðað sér að öllu leyti eðlilega við þá smávægilegu viðgerð, sem hann hafi ætlað að framkvæma með stefnda Daníel. Sérstaklega megji benda á, að Daníel hafi verið viðstaddur og til taks við stjórnun dráttarvélarinnar, ef á þyrfti að halda, þar til hann hafi vikið frá vélinni nokkur skref, rétt í sama mund og vélin ók á stefnanda. Varla þurfi að rökstyðja það, að dráttarvél hafi verið í notkun sem vélknúið ökutæki, er slysið varð. Það segi sig sjálf, að með því að aka á og yfir stefnanda málsins hafi dráttarvél in í eðli sínu verið í notkun sem vélknúið ökutæki. Þá beri þess að geta, að engin öryggishlíf hafi verið á sláttuvélargreiðunni, sem stungist hafi í fót stefnanda. Sá búnaður sláttuvélargreiðunnar sé mjög óforsvaranlegur og gersamlega á ábyrgð hins skráða eiganda ökutækisins.

Stefndu styðja sýknukröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að stefnanda hafi ekki tekist að sanna, að annar beri ábyrgð á afleiðingum af völdum slyssins en hann sjálfur. Stefndandi hafi ekki getað gert grein fyrir, hvernig slysið varð. Enginn sjónarvottur hafi verið að slysinu og hann sé því einn til frásagnar. Hann hafi ekki getað sagt til, með hvaða hætti slysið varð, en aðeins komið með tilgátur. Hann tali um bilun vegna slits, en matsmenn hafi hnekk þvi álitu. Að öðru leyti styðja stefndu sýknukröfu sína þeim rökum, að stefndandi hafi verið í þeirri aðstöðu, er hann varð fyrir umræddu slysi, þar sem hann var að framkvæma á eigin spýtur viðgerð á dráttarvélinni, að hann öðlist ekki bótarétt á hendur stefndu, nema hann færi lögfullar sönnur á það, að ábyrgðarskilyrðum sé fullnægt samkvæmt almennu skaðabótareglunni, en á þær bresti algerlega. Sly það, sem um ræði, verði ekki af sjálfu sér. Það eigi sér einhverjar orsaker.

Stefnandi tæpi á bilun í girkassa eða sliti sem orsök slyssins. Matsmenn hafi afsannað þá tilgátu og þess vegna sé því haldið fram, að slysið verði rakið til mistaka stefnanda sjálfs. Ekki geti komið til þess, að dráttarvélin hrökkvi í gír af sjálfu sér. Það verði einhver að koma til sem orsakavaldur, en í því efni sé ekki öðrum til að dreifa en stefnanda sjálfum. Það sé kunnugt þeim, sem til vélknúinna ökutækja þekkja, að ef vélin sé ræst, meðan tengt er í gír, þá hrökkvi tækið úr stað aftur á bak eða áfram eftir atvikum og geti þá hæglega runnið sem um akstur væri, uns stöðvun þess verður við komið eða einhver fyrir- staða í vegi þess stöðvar það. Langlíklegast sé, að stefnandi hafi ekki gætt þess, að dráttarvélin væri tengd í gír, er hann ræsti hana annað hvort frammi í vélarhúsinu eða með því að teygja sig í ræsibúnað í eða við mælaborð. Stefnanda hafi að sjálfsögðu borið að sjá til þess, að vélin væri ekki girtengd, þegar hann ræsti hana. Vanræksla í því efni hafi verið stórkostlega gáleysis- leg. Hann geti því ekki, ef þetta sé rétt skýring, við aðra sakast en sjálfan sig um, hvernig til tókst. Þá hefði stefnanda að sjálf- sögðu borið að sjá til þess, að handhemill væri spenntur og fyrir- staða fyrir hjólum, ef hugsanlega gat verið þörf á því, áður en hann ræsti vélina. Hér hafi komið til atbeini stefnanda eins, en atbeini einhvers hafi orðið að koma til. Stefnandi hafi hér verið að rækja starf, sem hann hafi tekið að sér að annast vegna þekk- ingar sinnar og reynslu á því sviði. Því er því sérstaklega mót- mælt af hálfu stefndu, að ábyrgðarreglur umferðarlaga geti átt hér við. Komi þar til, að stefnandi hafi verið að framkvæma við- gerð á dráttarvélinni í umrætt sinn og slasast vegna mistaka sinna við framkvæmd þeirrar viðgerðar, en eigi vegna notkunar dráttarvélarinnar í merkingu 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga. Af því leiði m. a., að bein málssókn á hendur Samvinnutryggingum g/t eigi ekki lagastoð.

IV.

Enginn sjónarvottur var að umræddu slysi, og er því stefnandi einn til frásagnar um það. Honum hefur ekki tekist að sýna fram á, með hvaða hætti slysið varð, og verður því að leiða orsök þess af líkum. Í framlagðri matsgerð, sem ekki hefur verið hnekkt, segir, að við athugun á skiptibúnaði, skiptistöng og skiptigöfflum hafi verið um mjög óverulegt slit að ræða. Við athugun á skipti- hjólum á efra öxli hafi ekkert óeðlilegt verið að finna. Mats- mennirnir telja nær engar líkur á, að dráttarvélin hafi, með hreyf-

il í gangi, af sjálfsdáðum farið í gír. Fyrir dómi hafa matsmennirnir borið, að óhugsandi sé, eins og landslagi er þarna háttað, að dráttarvélin hafi af sjálfsdáðum hreyfst úr stað. Viðurkennt er, að stefnandi var einn við dráttarvélin, er hún fór af stað. Samkvæmt þessu er ekki öðrum líkum til að dreifa en að dráttarvélin hafi farið af stað af völdum stefnanda sjálfs.

Stefnandi var að gera við dráttarvélin, er slysið varð. Hún var því ekki í notkun sem vélknúð ökutæki í skilningi 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Af því leiðir, að fébótaábyrgðarreglur umferðarlaga eiga ekki við í máli þessu. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda Samvinnutryggingar g/t af kröfum stefnanda í málinu.

Stefnandi hefur viðurkennt, að hann hafi staðið einn við hægri hlið dráttarvélarinnar. Hann hefur einnig viðurkennt, að hreyfillinn hafi verið settur í gang, eftir að hann hafði skipt um plátinur. Því álitu matsmanna, að hann hafi staðið klovvega yfir sláttuvélargreiðunni í umrætt sinn, hefur ekki verið hnekk. Stefnandi segist í upphafi viðgerðar hafa farið upp í dráttarvélin til að reyna að setja hreyfil hennar í gang, en það hafi ekki tekist. Hann segist ekki muna, hvernig hann hafi gengið frá dráttarvélinni, áður en hann sté niður úr henni. Hann sagðist heldur ekki muna, hvort stöðuhemill hafi verið á dráttarvélinni eða hvort hún hafi verið í gír. Ekkert er fram komið um, að fyrirstaða hafi verið sett við hjól dráttarvélarinnar eða hún skorðuð á annan hátt. Upplýst er, að stefnandi er vanur að gera við vélar, þ. á m. dráttarvélar, og hefur unnið við akstur dráttarvéla svo árum skiptir. Þegar allt þetta er virt, verður að telja, að orsök slyssins verði einungis rakin til stórkostlegs gáleysis stefnanda sjálfs við framkvæmd þeirrar viðgerðar, sem hann tók að sér í umrætt sinn. Ber því einnig að sýkna stefnda Daníel Brandsson af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í máli þessu.

Málskostnaður hans, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns hans, Óttars Yngvasonar héraðsdómslögmanns, greiðist úr ríkissjóði. Eftir atvikum þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn kr. 400.252 og þar af þóknun til talsmanns stefnanda kr. 250.000.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson borgardómari ásamt meðdómendunum Finnboga Eyjólfsyni bifvélavirkjameistara og Guðmundi Björnssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndu, Daniel Brandsson og Samvinnutryggingar g/t, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Erlings Aðalsteinssonar, í máli þessu.

Málkostnaður stefnanda, kr. 400.252, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns hans, Óttars Yngvasonar héraðsdómslögmanns, kr. 250.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur þessi er aðfararhæfur innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Miðvikudaginn 1. mars 1978.

Nr. 184/1977. **Seyðisfjarðarkaupstaður**
vegna hafnarsjóðs Seyðisfjarðar
 gegn
Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Seyðisfjarðarkaupstaður vegna hafnarsjóðs Seyðisfjarðar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
